3. tbl. 21. árgangur • Júní 2010

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum

Ágúst aftur til starfa

Ágúst S. Óskarsson hefur verið ráðinn til Skrifstofu stéttarfélaganna frá 1. ágúst 2010. Ágúst hefur undanfarna mánuði verið í hlutastarfi hjá félögunum og sinnt verkefnum er snúa á VIRK-starfsendurhæfingarsjóði. Samið hefur verið um að hann geri það áfram og verði í fullu starfi frá og með næsta hausti. Ágúst hefur undanfarin ár starfað hjá Félagsþjónustu Norðurþings. Áður starfaði hann til fjölda ára hjá stéttarfélögunum. Því má segja að Ágúst sé aftur á heimleið. Stéttarfélögin bjóða Ágúst velkominn til starfa en VIRK-starfsendurhæfingarsjóður mun kosta starfið að mestu.

Ágúst S. Óskarsson.

Athugið!

Hægt er að lesa nánar um flestar þær fréttir sem eru í Fréttabréfinu inni á heimasíðu stéttarfélaganna framsyn.is. Þar eru einnig fleiri myndir af flestum viðburðum á vegum félaganna.

Erlendir foringjar boða komu sína

Fjölmargir erlendir verkalýðsforingjar eru væntanlegir til Húsavíkur á næstunni.

Tæplega 60 erlendir verkalýðsforingjar og starfsmenn erlendra verkalýðsfélaga hafa boðað komu sína til Húsavíkur á næstu mánuðum, hluti þeirra áætlar þó að koma næsta vetur. Formaður Framsýnar hefur undanfarin ár starfað fyrir Starfsgreinasamband Íslands í erlendum samskiptum og kynnst þar fjölmörgum norrænum og evrópskum verkalýðsforingjum. Góð tengsl hafa myndast milli hans og þeirra eins og sjá má á þessari jákvæðu innrás erlendu gestanna sem eru á leiðinni. Í flestum tilvikum munu þeir dvelja á Húsavík í nokkra daga og kynna sér starfsemi Framsýnar auk þess að njóta náttúrufegurðarinnar sem er hvergi meiri á Íslandi en í Þingeyjarsýslum.

Viltu skoða hátíðarhöldin?

Stéttarfélögin létu taka hátíðarhöldin 1. maí upp á disk. Áhugasamir geta fengið diskinn lánaðan vilji þeir skoða frábæra dagskrá. Hægt er að nálgast diskinn á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Einstaklingsstyrkir hækka

Stjórnir Landsmenntar og Sveitamenntar hafa ákveðið að taka upp eftirfarandi viðbót við reglur sjóðanna um afgreiðslu einstaklingsstyrkja: Starfstengt réttindanám: Félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu þrjú ár eiga rétt á styrk allt að kr. 132.000.- fyrir eitt samfellt námskeið/nám samkvæmt nánari reglum sjóðsins. Reglan taki gildi f.o.m. 1. júlí 2010 og gildir gagnvart námi/námskeiðum sem hefjast eftir þann tíma. Þar sem Framsýn er aðili að þessum tveimur fræðslusjóðum gildir hún fyrir félagsmenn Framsýnar sem starfa hjá sveitarfélögum og á almenna vinnumarkaðinum eftir kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og SGS .

Fundað með atvinnuleitendum í S-Þing.

Fulltrúar Framsýnar og Vinnumálastofnunar stóðu fyrir sex fundum með atvinnuleitendum í Suður-Þingeyjarsýslu á vormánuðum þar sem málefni atvinnuleitenda voru til umræðu. Fundað var víða um héraðið. Fundirnir voru mjög góðir og fræðandi og voru atvinnuleitendur ekki síst ánægðir með heimsókn gestanna frá Framsýn og Vinnumálastofnun. Soffía Gísladóttir frá Vinnumálastofnun og Aðalsteinn Á. Baldursson frá Framsýn voru frummælendur á fundunum. Hilmar Valur Gunnarsson frá Framsýn var einnig með í för og kynnti verkefni sem hann hefur unnið að og snertir ungt atvinnulaust fólk.

Heimsókn í Borgarhólsskóla

Nemendur Borgarhólsskóla meðtóku boðskap forsvarsmanna stéttarfélaganna þegar þeir voru með fræðslu um vinnumarkaðsmál fyrir 8. bekk skólans.

Fulltrúar stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum heimsóttu nemendur í 8. bekk Borgarhólsskóla til að kynna fyrir þeim starfsemi og tilgang stéttarfélaga. Flestir nemendurnir hafa fengið vilyrði fyrir vinnu í Vinnuskólanum í sumar og var rætt nokkuð um starfsemi Vinnuskólans. Nokkrir nemendur höfðu m.a. orð á því að þeim finnist launin í Vinnuskólanum vera allt of lág fyrir þennan árgang. Að lokinni kynningunni voru nemendurnir leystir út með Framsýnarhúfum sem þau settu beint á kollinn og brunuðu út í frímínútur.

Hækkun á orlofsprósentu 1. maí

Athygli atvinnurekenda og félagsmanna Framsýnar og Verkalýðsfélag Þórshafnar er vakin á því að frá og með 1. maí 2010 lengist orlofsrétturinn eftir 10 ára starf úr 29 dögum í 30 daga skv. kjarasamningi SGS og Samtaka atvinnulífsins. Orlofsprósentan verður frá sama tíma 13,04%.

ÚTGEFENDUR: Þingiðn, félag iðnaðarmanna, Starfsmannafélag Húsavíkur, Framsýn- stéttarfélag, Verkalýðsfélag Þórshafnar.
Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík • Sími 464 6600 • Fax 464 6601 • e-mail: kuti@framsyn.is • Heimasíða: www.framsyn.is • **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Aðalsteinn Á Baldursson
Forsíðumyndina tók Hilmar Valdur Gunnarsson á 1. maí hátíðarhöldum stéttarfélaganna • Fréttabréfið er skrifað 11. júní 2010 og gefið út í 2000 eintökum.
HÖNNUN OG PRENTUN: Örkin, Húsavík.

Sjómenn á kynningarfundi

Framsýn og Þekkingarnet Þingeyinga stóðu fyrir kynningarfundi á námsmöguleikum sjómanna í síðustu viku. Fulltrúar Þekkingarnetsins fóru yfir starfsemi netsins og möguleika sjómanna á að sækja sér aukna starfmenntun og þær námsleiðir sem eru í boði. Þá sýndu þeir myndina; Þitt val-þín leið – námsmöguleikar fyrir sjómenn sem gefin var út í lok apríl. Starfsmenn Framsýnar veittu í kjölfarið upplýsingar um þá námsstyrki sem sjómenn eiga rétt á frá félaginu og Sjómennt sem er fræðslusjóður sjómanna og útgerða. Þeir sjómenn sem sáu sér fært að mæta fengu góðar upplýsingar um námsmöguleika og styrki enda voru þeir duglegir að leggja fram fyrirspurnir.

Tveir sjómenn heiðraðir

Matthías Sigurðsson og Brynjar Þór Halldórsson voru heiðraðir á Sjómannadaginn. Með þeim eru eiginkonurnar, Valgerður Jósefsdóttir og Ólöf Hallgrímsdóttir.

Á Sjómannadaginn voru tveir húsvískir sjómenn heiðraðir, þeir Brynjar Þór Halldórsson og Matthías Sigurðsson. Þeir eiga báðir áratuga sjómennsku að baki. Þess má geta að Matthías er enn að þrátt fyrir að vera orðinn tæplega sjötugur. Matti hefur verið á sjó í 52 ár á skipum eins og Smára ÞH, Kolbeinsey ÞH og Örfirisey RE. Í dag er Matthías á Jónu Eðvalds frá Hornafirði. Brynjar var lengst af á Fanney ÞH frá Húsavík. Sjómannadeild Framsýnar sá um heiðrunina í fyrsta skiptið og veitti þeim Brynjari og Matthíasi heiðurskross en Slysavarnardeild kvenna óskaði nýlega eftir því að Sjómannadeildin tæki að sér að sjá um heiðrunina sem að sjálfsögðu var samþykkt. Hægt er að lesa nánar um heiðrunina á heimasíðu stéttarfélaganna framsyn.is

Bætur og styrkir hækkaðir

Framsýn hefur ákveðið að berjast gegn kreppunni og hækka námsstyrki til félagsmanna og einnig flestar styrkupphæðir sjúkrasjóðs. Námsstyrkir verða allt að kr. 120.000,- á ári fyrir fullgilda félagsmenn. Í ljósi þess að staða félagsins er góð er það vilji stjórnar félagsins að félagsmenn fái að njóta þess að vera í einu öflugasta stéttarfélagi landsins. Vinsamlegast leitið upplýsinga á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Ertu með í ævintýraferð!



Stéttarfélögin, Framsýn, Þingiðn og Verkalýðsfélag Þórshafnar standa fyrir áhugaverðri sumarferð í Hrísey laugardaginn 7. ágúst n.k. fyrir félagsmenn og maka þeirra. Farið verður með Norðursiglingu frá Húsavík kl. 09:00. Ferðinni er heitið út með Víknafjöllum um Flateyjarsund fyrir Gjögur og inn Eyjafjörðinn til Hríseyjar. Farið verður framhjá náttúruperlum eins og Fjörðum, Keflavík og Látraströnd. Í Hrísey verður komið við á Veitingastaðnum Brekku og boðið upp á kaffiveitingar. Því næst verður siglt til Grenivíkur þaðan sem rúta frá Fjallasýn ekur hópnum til Húsavíkur. Áætlað er að komið verði til Húsavíkur kl. 19:00. Fararstjórar verða gleðipinnarnir, Tryggvi Finnsson og Aðalsteinn Á. Baldursson. Verð fyrir félagsmenn og maka eftir niðurgreiðslur félaganna er kr. 7000 per mann. Innifalið: Siglingin, veitingar um borð, kaffiveitingar í Hrísey og rútuferðin frá Grenivík til Húsavíkur. Ekki verður farið í ferðina nema veður leyfi og að þátttakendur verði fleiri en þrjátíu. Þá þurfa menn að vera orðnir 16 ára til að komast í ferðina. Skráning í ferðina stendur yfir á Skrifstofu stéttarfélaganna til 28. júní. Þar er einnig hægt að fá frekari upplýsingar um ferðina. Ekki missa af þessari stórkostlegu ferð.

Þingiðn og VÞ hækka styrki

Þingiðn og Verkalýðsfélag Þórshafnar hafa ákveðið að hækka flesta styrki sem félagsmenn eiga rétt á hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaganna.

Slysavarnadeild kvenna færð gjöf

Í sjómannadagskaffinu á Sjómannadaginn færði Framsýn Slysavarnadeild kvenna að gjöf kr. 50.000,-. Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Á. Baldursson sagði við það tækifæri að með gjöfinni vildi félagið sýna Slysavarnadeild kvenna smá þakklætisvott fyrir þeirra óeigingjörnu og mikilvægu störf í þágu samfélagsins, ekki síst sjómanna. Unnur Katrín Bjarnadóttir formaður deildarinnar tók við gjöfinni og þakkaði fyrir hana.

Fjölmenni í sólarkaffi

Það var bæði setið inni og úti í góða veðrinu á Raufarhöfn. Heimamenn áttu góða samverustund í boði Framsýnar.

Framsýn bauð íbúum Raufarhafnar í sólarkaffi föstudaginn 4. júní á Kaffi Ljósfang í frábæru veðri. Boðið var upp á kaffi og tertu og þá fengu allir húfu frá félaginu. Mætingin var frábær þar sem um 130 manns þáðu kaffiboðið. Kaffihúsið var fullt og koma þurfti upp borðum úti til að sem flestir fengju sæti. Um 200 manns búa á Raufarhöfn. Heimamenn voru afar ánægðir með framtak Framsýnar sem var að gera þetta í fyrsta skiptið. Töluðu menn um að hafa þetta árvissan viðburð. Framsýn þakkar heimamönnum fyrir frábærar móttökur og góða viðkynningu. Sérstakar þakkir fá Svava Árnadóttir, Bryndís Reynisdóttir og Ósk Helgadóttir.

Fundað með ráðherra

Hera ÞH frá Húsavík er einn af þeim bátum sem verið hafa á dragnót. Draganótabann í sumar hefði komið sér illa bæði fyrir útgerð og áhöfn skipsins.

Formaður Framsýnar fundaði í byrjun júní með Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og fjórum öðrum ráðuneytismönnum. Umræðuefnið var bann við dragnótaveiðum sem taka átti gildi 7. júní í nokkrum fjörðum og flóum. Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Á. Baldursson kom á framfæri óánægju félagsins með ákvörðunina og lagði fram áskorun frá félaginu um að ákvörðunin yrði dregin til baka eða frestað þar sem hún kæmi mjög illa við sjómenn og landverkafólk. Ráðherra tók við skilaboðunum og sagðist taka þau alvarlega til greina. Í kjölfar fundarins var síðan send út fréttatilkynning þar sem veiðibanninu var frestað til 1. september í haust. Hægt er að lesa yfirlýsingu Framsýnar vegna dragnótabannsins á heimasíðu félagsins.

Trúnaðarmenn útskrifaðir

Síðasta kvöldmáltíðin. Þátttakendur borðuðu saman í lok námskeiðsins en þeir voru samtals ellefu. Með þeim eru Jón og Hlíf sem eru staðarhaldarar á Illugastöðum sem sáu til þess að allir fengju eitthvað gott að borða.

Framsýn stóð fyrir tveggja daga trúnaðarmannanámskeiði í apríl. Námskeiðið gekk vel og voru trúnaðarmennirnir ánægðir með veruna á Illugastöðum þar sem námskeiðið fór fram. Hefð er fyrir því að halda námskeiðin á mismunandi stöðum á félagssvæði Framsýnar með það að markmiði að kynna sér um leið atvinnulífið á svæðunum. Það var því við hæfi að heimsækja Skógræktina á Vöglum þar sem lengi hefur verið öflug starfsemi og þar eru flestir starfsmenn auk þess í Framsýn. Þar tók Sigurður skógarvörður Skúlason á móti hópnum og gerði honum grein fyrir starfseminni. Því næst var farið í Stórutjarnir þar sem Laufey Skúladóttir og Hrönn Sigurðardóttir handverkskonur tóku við hópnum og greindu frá því sem þær hafa verið að fást við í hannyrðum. Ljóst er að þær eru að gera mjög góða hluti sem vert er að skoða og kaupa. Full ástæða er til að hvetja fólk sem á leið um Ljósavatnsskarðið að koma við á Stórutjörnum og skoða fallega gerða hluti unna úr íslenskri ull, roði og hreindýraskinni.

Sigurður hjá Skógræktinni á Vöglum tók vel á móti trúnaðarmönnunum og fór vel yfir starfsemina. Ósk, Hulda og Sólveig hlusta hér á fræðin.

Laufey Skúla og Hrönn frænka hennar Sigurðardóttir hafa verið að gera frábæra hluti á Stórutjörnum. Þær buðu trúnaðarmönnum heim í Stórutjarnir þar sem þeir fengu að skoða framleiðsluvörurnar þeirra sem eru einstaklega vel gerðar.

Samherji greiðir uppbót

Starfsmenn eru eðlilega ánægðir með ákvörðun Samherja.

Samherji hefur ákveðið að greiða öllum starfsmönnum í landi 60 þúsund króna orlofsuppbót til viðbótar umsaminni orlofsuppbót sumarið 2010 kr. 25.800.-. "Þetta er í þriðja skiptið á rúmu ári sem Samherji greiðir starfsfólki sínu launauppbót umfram kjarasamninga. Við ákváðum í fyrra, þegar hækkunum kjarasamninga var frestað, að bæta okkar fólki það upp með launauppbótum í formi eingreiðslna. Við viljum þakka fólkinu okkar fyrir frábært starf á liðnum vetri og vonum að veðurguðirnir sláist í lið með okkur að gera sumarið að þeim sælutíma sem það á að vera," segir Gestur Geirsson, framkvæmdastjóri landvinnslu Samherja. Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Á. Baldursson, segist fagna þessari ákvörðun Samherja og hefur þegar komið því á framfæri við forsvarsmenn fyrirtækisins. Samherji kemur að rekstri tveggja fyrirtækja á félagssvæði Framsýnar, það er Reykfisks á Húsavík og Silfurstjörnunnar í Öxarfirði.

Gleðin við völd

Ágústa ljómaði líkt og börnin á leikskólanum Grænuvöllum sem skoðuðu lömb hjá fjáreigendum á Húsavík.

Börn úr leikskólanum Grænuvöllum á Húsavík fóru í fjárhúsaferð ásamt fylgdarliði til að skoða falleg lömb og íslenskar hænur. Eftir notalega stund yfir jarmi og hanagali settust börnin niður og fengu sér Svala og kremkex í garðanum.

Einar Jónsson er einn af öflugustu varnarmönnum sem Ísland hefur alið í gegnum tíðina. Hér áður fyrr átti hann það til að negla óvart niður söknarmenn andstæðinganna. Nú hefur hann að mestu lagt frá sér knattspyrnuskóna og tekið sér þess í stað hamar í hönd og neglir nú nagla í spýtur og plötur. Hér er hann ásamt félaga sínum Hólmgeiri Hallgrímssyni hjá Trésmiðju Mývatnssveitar. Myndin er tekin við Sel Hótel Mývatn þar sem þeir voru að smíða.

Fullt hús af ungu fólki úr Borgarhólsskóla

Ungir nemendur úr Borgarhólsskóla "hertóku" Skrifstofu stéttarfélaganna. Þau voru í friðsamlegum erindagjörðum, það er að kynna sér starfsemi stéttarfélaga.

Um 40 nemendur úr 10. bekk Borgarhólsskóla komu nýlega í heimsókn til stéttarfélaganna. Fengu þau fræðslu um starfsemi og tilgang stéttarfélaga sem Snæbjörn annaðist. Nemendurnir voru áhugasamir og spurðu töluvert út í sín mál enda flestir að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði.

Sumarhúsin klár

"Látum okkur nú sjá, á þetta hjól ekki að vera hér?" Hilmar er hér að setja saman nýtt grill við bústað Framsýnar á Illugastöðum. Honum fórst það vel úr hendi eins og sjá má.

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum verða með 15 orlofshús í útleigu í sumar fyrir félagsmenn. Fullbókað er í húsin en mikil ásókn er meðal félagsmanna um að komast í orlofshús á vegum félaganna. Starfsmenn stéttarfélaganna hafa undanfarið unnið að því að koma húsunum í gott stand svo gestir stéttarfélaganna geti notið þess að dvelja í húsunum í sumar.

Áttu gamlar myndir?

Á næsta ári verða liðin 100 ár frá stofnun fyrsta stéttarfélagsins í Þingeyjarsýslum. Í tilefni að því stendur til að setja upp ljósmyndasýningu af fólki við störf. Ef þú vilt leggja þitt að mörkum og lána okkur mynd/myndir og leyfa okkur að taka eftir þeim væri það afar vel þegið. Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna sem fyrst.

Bjartsýni og kraftur

Bjartsýni og kraftur einkenndi fjölmennan aðalfund Framsýnar sem haldinn var 20. apríl. Setið var í öllum sætum. Í ljósi þess að félagið stendur vel þrátt fyrir kreppuna í þjóðfélaginu var ákveðið að hækka ýmsa styrki sem standa félagsmönnum til boða s.s. úr sjúkra- og fræðslusjóði. Á fundinum kom fram veruleg ánægja með starfsemi félagsins og góða fjármálastjórn en vel hefur verið haldið utan um fjármál félagsins félagsmönnum til hagsbóta. Aðalsteinn Á. Baldursson var endurkjörin formaður félagsins sem og stjórn félagsins með einni breytingu. Kristjana Erna Helgadóttir gaf ekki kost á sér áfram, í hennar stað kom Dómhildur Antonsdóttir sem starfar hjá Sjóvá á Húsavík og var áður í trúnaðarmannaráði félagsins. Fundarmenn töldu ástæðu til að klappa fyrir stjórn og starfsmönnum félagsins.

Formaður félagsins flutti ítarlega skýrslu stjórnar sem gripið verður aðeins niður í hér:

Fjöldi félagsmanna og stærstu greiðendur
Alls greiddu 1962 félagsmenn til Framsýnar á árinu 2009 en greiðandi félagar voru 2.023 árið 2008. Með gjaldfrjálsum félagsmönnum (öldruðum-öryrkjum) voru félagsmenn samtals 2.163 um síðustu áramót. Þá má geta þess að 297 launagreiðendur greiddu til félagsins á síðasta ári og fjölgaði um 10 launagreiðendur milli ára. Stærstu greiðendur iðgjalda til félagsins 2009 voru eftir röð: GPG-fiskverkun, Brim hf., Norðurþing og Ríkissjóður.

Fjármál félagsins
Fjárhagsleg afkoma félagsins var mjög góð á árinu 2009 líkt og verið hefur síðustu ár. Hagnaður varð á öllum sjóðum félagsins. Félagsgjöld og iðgjöld hækkuðu frá síðasta ári. Rekstrarútgjöld félagsins hækkuðu einnig aðeins milli ára. Rekstrartekjur félagsins námu kr. 82.310.449,- á sl. ári, og heildar rekstrarútgjöld námu kr. 56.925.749,- . Fjármagnstekjur námu kr. 113.319.214,-. Félagsgjöld og iðgjöld námu kr. 77.966.949,- á móti kr. 76.582.140,- á árinu 2008. Á síðasta ári varð tekjuafgangur af öllum sjóðum félagsins kr. 137.064.435. Þátttaka Framsýnar á síðasta ári í rekstrarkostnaði Skrifstofu stéttarfélaganna nam kr. 18.650.877,- en skrifstofan er rekin af þremur stéttarfélögum. Heildareignir félagsins námu kr. 1.078.651.143,- í árslok 2009 og höfðu aukist að raungildi frá fyrra ári.

Bætur og styrkir
Á árinu 2009 nutu 663 félagsmenn bóta úr sjúkrasjóði félagsins. Samtals námu greiðslur vegna sjúkradagpeninga, annarra bóta og styrkja kr. 15.809.507,-. Í þessari upphæð vega þyngst sjúkradagpeningar til félagsmanna vegna veikinda eða kr. 9.212.400,-

Efnahagsmál
Í skýrslunni koma fram skammir á stjórnvöld fyrir að taka ekki á málefnum heimilanna í landinu og skuldastöðu fólks. Þá vanti sárlega að blása neista í atvinnulífið svo draga megi úr atvinnuleysinu sem sé alltof mikið um þessar mundir, ekki síst á félagssvæði Framsýnar. Félagið hefur þó fullan skilning á því að núverandi ríkistjórn eigi við erfiða stöðu að glíma þar sem efnahagslífið er í rúst. En hlutirnir gangi bara alltof, alltof hægt til betri vegar. Eðlilegt sé að krefjast þess að allt verði gert til að laga stöðu þeirra sem eiga hvað erfiðast um þessar mundir og að gripið verði til raunhæfra aðgerða til að ná niður höfuðstóli lána, verðbólgu og almennu verðlagi í landinu. Auknar álögur sé ekki leiðin út úr vandanum, hún auki hins vegar á vandann sem sé nægur fyrir. Framsýn varar við þeirri leið sem sé leið glötunar.

Kjaramál
Fjallað er mjög ítarlega um kjaramál

Aðalfundurinn var vel sóttur og voru fundarmenn ánægðir með stöðuna. Reyndar sáu þeir ástæðu til að klappa fyrir stjórn og starfsmönnum fyrir góðan rekstur.

í skýrslunni enda mikið að gerast á þeim vettvangi á síðasta ári þegar ákvörðun var tekin á vegum aðildarfélaga Alþýðusambandsins að ganga frá samkomulagi við Samtök atvinnulífsins um breytingar og frestun á launaliðum kjarasamninga aðila. Ekki voru öll stéttarfélög sambandsins ánægð með ákvörðunina þar á meðal Framsýn. Félagið gagnrýndi samkomulagið og taldi að atvinnurekendum bæri að standa við gerða kjarasamninga enda mörg fyrirtæki í góðum rekstri sbr. sjávarútvegsfyrirtæki. Hiti var í málinu. Forseti ASÍ sá ástæðu til að leggjast í skriftir á Hvítasunnudag og gera athugasemdir við málflutning formanns Framsýnar í umræðunni um kjaramálin. Bréfið fór á alla formenn aðildarfélaga sambandsins. Innihald bréfsins olli mikilli reiði meðal stjórnar Framsýnar sem svaraði um hæl með ályktun þar sem vinnubrögð forsetans voru fordæmd. Þrátt fyrir samkomulag ASÍ og Samtaka atvinnulífsins um frestun á launahækkunum, hækkuðu mörg fyrirtæki laun starfsmanna sbr. ákvæði kjarasamninga, sérstaklega í sjávarútvegi gegn vilja Samtaka atvinnulífsins.

„Það er alveg ljóst að barátta nokkurra verkalýðsfélaga og forystumanna þeirra varð ekki síst til þess að fyrirtæki í sjávarútvegi og í nokkrum öðrum atvinnugreinum hækkuðu laun starfsmanna m.v. kjarasamninga sem undirritaðir voru 17. febrúar 2008. Þannig fengu þúsundir verkafólks umsamdar launahækkanir. Það var því grátbroslegt að fylgjast með forystumönnum í verkalýðshreyfingunni sem gagnrýnt höfðu þá forystumenn sem höfðu hátt og kröfðust þess að atvinnurekendur stæðu við gerða kjarasamninga fagna hækkunum, forystumenn sem töldu að ekkert væri til skiptanna. Sömu menn tala um að þeir láti verkin tala, þeir stundi ekki sölumennsku til að upphefja sjálfa sig, svoleiðis aðferðir vilji þeir ekki viðhafa. Svona er nú verkalýðsbaráttan í dag. Er ekki komin tími til þess að hlustað sé að fólkið í landinu, hvað vill það og hvað þarf það til að lifa mannsæmandi lífi? Framsýn mun vonandi alltaf verða boðberi þess að svo verði. Reyndar sýna kannanir meðal félagsmanna að félagsmenn bera mikið traust til félagsins eða mest allra stéttarfélaga innan Starfsgreinasambands Íslands sem er mikil viðurkenning fyrir starfsemi félagsins. Ef það er sölumennska að hlusta og virða skoðanir félagsmanna er það í besta lagi. Það er hins vegar léleg sölumennska hjá stéttarfélögum að fara endalaust gegn vilja þeirra sem njóta þess vafasama heiðurs að vera á lægstu töxtunum í dag. Slík félög verða aldrei hátt skrifuð meðal félagsmanna“
Sagði formaður Framsýnar þegar hann flutti skýrsluna og var mikið niðri fyrir.

Atvinnumál og atvinnuleysi
Allt frá bankahruninu 2008 hefur atvinnuástandið verið óviðunandi á félagssvæði Framsýnar. Að jafnaði hafa verið um 150 - 200 manns á atvinnuleysisskrá á félagssvæðinu og á félagssvæði Verkalýðsfélags Þórshafnar. Helmingur þeirra hefur verið á Húsavík og síðan hefur hinn helmingur skipst nokkuð jafnt á önnur sveitarfélög á svæðinu, fyrir utan Tjörneshrepp þar sem lítið sem ekkert atvinnuleysi hefur verið til staðar. Um 7 til 9% atvinnuleysi hefur verið á svæðinu. Framsýn hefur að sjálfsögðu haft af þessu miklar áhyggjur og hefur í því sambandi lagt töluverða vinnu í að verja atvinnulífið með því að vera í góðu sambandi við atvinnurekendur, þingmenn og ráðherra. Þá tekur félagið virkan þátt í starfi Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Því miður er útlitið ekki bjart í atvinnumálum á svæðinu frekar en í öðrum landshlutum. Mörg stéttarfélög hafa kvartað yfir því að atvinnuleitendur velji að greiða ekki stéttarfélagsgjöld til stéttarfélaga af atvinnuleysisbótunum. Aðeins um 50 til 60% þeirra velji að greiða til þeirra. Þessu er ekki fyrir að fara hjá félagsmönnum Framsýnar sem verða atvinnulausir því samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun velja þeir nánast undantekningarlaust að láta draga af sér félagsgjald til Framsýnar. Þetta sýnir m.a. þá tiltrú sem félagsmenn hafa á félaginu.

Orlofsmál
Á síðasta ári dvöldu 548 félagsmenn ásamt fjölskyldum sínum í orlofshúsum, orlofsíbúðum, á tjaldsvæðum og hótelum á vegum félagsins. Um 30% aukning varð milli ára í umsóknum um orlofshús sem væntanlega má rekja til þess að fólk fór ekki í sama mæli til útlanda í orlof vegna efnahagsástandsins á Íslandi eins og var árið 2008. Stéttarfélögin hafa áfram til sölu afsláttarmiða í Hvalfjarðargöngin fyrir félagsmenn. Þá stóð félagsmönnum til boða gisting á Hótel Keflavík, Edduhótelum, Fosshótelum og farfuglaheimilum á síðasta ári og verður svo áfram á komandi sumri. Gisti félagsmenn á Hótel Keflavík á leið sinni til útlanda er innifalið í verðinu gisting, morgunverður, geymsla á bíl og akstur á flugvöllinn. Á síðasta ári spöruðu félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum sér töluverða fjármuni með því að kaupa miðana hjá stéttarfélögunum í stað þess að kaupa þá á fullu verði við Hvalfjarðargöngin.

Styrkir til starfsmenntunar
Á árinu 2009 fengu 249 félagsmenn greiddar kr. 5.995.840,- í einstaklingsstyrki frá fræðslusjóðum sem Framsýn er aðili að í endurgreiðslur vegna náms eða námskeiða sem er mjög svipuð upphæð milli ára. Þar af fengu 142 einstaklingar greidda styrki úr Landsmennt, samtals greiðsla kr. 2.949.860,-. Alls fengu 7 félagsmenn styrki úr Sjómennt kr. 399.713,-. Úr Ríkismennt fengu 13 félagsmenn styrki kr. 444.646,-. Úr fræðslusjóði verslunarmanna fékk 21 félagsmaður styrk að upphæð

kr. 546.543,-. Að endingu fengu 66 félagsmenn styrki úr Sveitamennt kr. 1.655.220,-.

Til viðbótar má geta þess að nokkrir félagsmenn fengu til viðbótar styrki úr Fræðslusjóði Framsýnar og getið er um í ársreikningum félagsins. Þá kemur fram í skýrslunni að félagið stóð fyrir kjarasamningsbundnum fiskvinnslunámskeiðum fyrir starfsmenn Vísis, GPG-Fiskverkunar, Reykfisks og Laugafisks í samstarfi við fyrirtækin og Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar. Þá stóð félagið einnig að tveimur trúnaðarmannanámskeiðum á síðasta starfsári.

Starfsemi deilda

Innan Framsýnar eru starfræktar tvær deildir, Sjómannadeild og Deild verslunar- og skrifstofufólks. Báðar deildirnar eru öflugar og halda reglulega fundi um málefni þeirra hópa sem tilheyra deildunum. Formenn deildanna eru Jakob G. Hjaltalín og Snæbjörn Sigurðarson. Innan Sjómannadeildarinnar eru tæplega 100 félagsmenn og innan Deildar verslunar- og skrifstofufólks eru um 200 félagsmenn.

Málefni verkalýðshreyfingarinnar

Full ástæða er til að hafa áhyggjur af stöðu verkalýðshreyfingarinnar sem hefur átt undir högg að sækja. Hörð átök hafa verið innan VR sem er aðili að LÍV og þá hafa fjölmargir skrifað og „bloggað“ um stefnu Alþýðusambandsins í ýmsum málum. Í því sambandi hefur forseti sambandsins þurft að þola harða gagnrýni á sín störf. Það eru alvarleg skilaboð þegar púað er að æðsta manni verkalýðshreyfingarinnar á sjálfan 1. maí, baráttudag verkafólks eins og gerðist á síðasta ári. Deild verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar sá ástæðu til að gagnrýna störf forseta Alþýðusambandsins í nóvember 2009 og aðild hans að skúffufyrirtæki á eyjunni Tortola. Fram hefur komið að stjórn og trúnaðarmannaráð Framsýnar sá einnig ástæðu til þess að gera alvarlegar athugsemdir við skrif hans um félagið og formann þess. Hagsmunir verkafólks voru ekki hafðir að leiðarljósi þegar ákveðin öfl komu sviðstjóra Matvælasviðs frá á síðasta þingi Starfsgreinasambandsins. Matvælasvið SGS hefur óumdeilanlega verið öflugasta svið sambandsins í gegnum tíðina. Það hlýtur að vera umhugsunarefni, af hverju menn velja að nýta sér ekki starfskrafta slíkra manna, sem skilað hafa góðu starfi og njóta virðingar fyrir sín störf meðal verkafólks sbr. kannanir. Skilaboð Framsýnar eru skýr, verkalýðshreyfingin verður að einbeita sér að því að tala máli félagsmanna í stað þess að éta sig innan frá. Öfundin og óeiningin innan hreyfingarinnar má aldrei verða yfirsterkari heilbrigðri skynsemi. Forystumenn sem hafa ekki burði til að leiða hreyfinguna í gegnum hafrótið eru ekki starfi sínu vaxnir og ber því að víkja og leita á ný mið.

Sameining stéttarfélaga

Á undanförnum árum höfum við stigið það heillaspor að sameina stéttarfélög í Þingeyjarsýslum. Þannig höfum við orðið sterkari og öflugri til að takast á við þau störf sem falla undir starfsemi stéttarfélaga. Í dag erum við eitt öflugasta stéttarfélag landsins. Félagið er fjárhagslega sterkt, veitir góða styrki til félagsmanna, frábæra þjónustu sem nýleg

Það var oft ástæða til að brosa á fundinum.

skoðanakönnun staðfestir og þá nýtur félagið einnig mikillar virðingar meðal félagsmanna sbr. könnun Capacent Gallup. Þar varð félagið í fyrsta sæti meðal aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands. Opnunartími skrifstofu félagsins er sá lengsti sem þekkist meðal stéttarfélaga eða 9 tímar virka daga. Þá heldur félagið uppi öflugri heimasíðu sem fjöldi fólks heimsækir daglega auk þess sem Fréttabréf stéttarfélagana er reglulega gefið út í 2000 eintökum. Fjölmiðlar og hagsmunasamtök af ýmsum toga leita oft til forsvarsmanna félagsins varðandi þau mál sem eru í brennidepli á hverjum tíma til að fá þeirra sýn á málið sem er staðfesting á þeirri virðingu sem starf Framsýnar nýtur víða. Markmið stéttarfélaga á að vera að veita félagsmönnum góða þjónustu og að traust ríki milli almennra félagsmanna og stjórnenda þess á hverjum tíma. Nálægðin þarf að vera mikil. Því er það algjör misskilningur að eftir því sem félagið sé stærra sé það öflugra. Fyrir því eru takmörk eins og dæmin sanna. Skoðun Framsýnar er að félög innan ASÍ í Þingeyjarsýslum eigi að sameinast, enda starfa þau nú þegar mjög náið saman. Það eru auk Framsýnar, Þingiðn og Verkalýðsfélag Þórshafnar. Framsýn hefur ekki áhuga fyrir því að sameinast stéttarfélögum utan Þingeyjarsýslna enda hefur félagið hlutverki að gegna í héraðinu er viðkemur ekki bara félagsmönnum heldur einnig menningar, velferðar- og atvinnumálum á félagssvæðinu.

Skrifstofa stéttarfélaganna

Rekstur Skrifstofu stéttarfélaganna gekk vel á síðasta starfsári. Í dag starfa 3 starfsmenn á skrifstofunni í fullu starfi og einn starfsmaður er í hlutastarfi við ræstingar. Til viðbótar eru þrír starfsmenn í 0,4% stöðugildum við umsjón á orlofsíbúðum/húsum sem eru í eigu félagsins og við þjónustu við félagsmenn Framsýnar á Raufarhöfn. Þá eru tveir starfsmenn í tímabundnum verkefnum er snúa að málefnum atvinnuleitenda og VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs. Um er að ræða 1,5% stöðugildi í sex mánuði. Stéttarfélögin hafa haldið úti öflugri heimasíðu sem fjöldi fólks heimsækir daglega og þá kemur Fréttabréf stéttarfélaganna reglulega út, fullt af fróðleik og upplýsingum til félagsmanna. Um þessar mundir er unnið að því að uppfæra heimasíðuna og gera hana aðgengilegri fyrir félagsmenn og aðra þá sem heimsækja hana. Skrifstofa stéttarfélaganna er í góðu sambandi við félagsmenn og eru heimsóknir á hana mjög tíðar, auk þess sem stórum hluta starfsins er sinnt í gegnum síma og með heimsóknum á vinnustaði og í skóla. Ekki eru fyrirsjáanlegar frekari breytingar á rekstri skrifstofunnar. Þær breytingar voru gerðar um síðustu áramót að sjálfstæðum rekstri Skrifstofu stéttarfélaganna var hætt. Samkomulag varð um það milli aðildarfélaga skrifstofunnar að Framsýn yfirtæki rekstur skrifstofunnar og önnur félög STH og Þingiðn kaupi þess í stað þjónustu af Framsýn. Þetta er bæði gert í sparnaðarskyni og eins til að auðvelda reksturinn. Að lokum má geta þess að Skrifstofa stéttarfélaganna stóð fyrir skoðanakönnun meðal notenda og var öllum sem komu við á skrifstofunni boðið að taka þátt í könnuninni. Alls tóku 140 manns þátt í könnuninni. Spurt var: Ertu ánægð/ur með þjónustu Skrifstofu stéttarfélaganna? JÁ sögðu 138, einn hafði ekki skoðun og einn seðill var auður. Þessi niðurstaða er einfaldlega frábær fyrir félagsmenn Framsýnar og svona á þetta að vera, enda markmið stéttarfélaganna sem aðild eiga að Skrifstofu stéttarfélaganna að gera vel við félagsmenn og aðra þá sem leita eftir þjónustu.

Áhugaverðir molar úr skýrslunni

Icesave: Það hefur ekki farið fram hjá neinum að við Íslendingar erum að ganga í gegnum mjög erfiða tíma um þessar mundir eftir fall fjármálakerfisins á Íslandi í október 2008. Til að fara almennt yfir stöðuna og afleiðingar Icesave fyrir Íslendinga ákvað Framsýn að bjóða Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra, Höskuldi Þórhallssyni alþingismanni og Ólafi Darra Andrasyni hagfræðingi ASÍ á fund stjórnar og trúnaðarmannaráðs í janúar 2010.

Laganna verðir í heimsókn: Lögreglan kom í heimsókn á Skrifstofu stéttarfélaganna, ekki til að handtaka starfsmenn eða formann Framsýnar. Heldur vildu þeir sýna í verki þakklæti fyrir ályktun félagsins frá 15. október 2009 um sýslumannsembættið á Húsavík og málefni lögreglunnar í Þingeyjarsýslum. Félagið gerði athugasemdir við sameiningu sýslumannsembætta á Norðurlandi og niðurskurð á fjárveitingum til lögreglunnar í héraðinu.

Framsýn hefur áhrif á Alþingi: Framsýn fær reglulega erindi frá Alþingi þar sem félagið er beðið um umsagnir varðandi frumvörp sem liggja fyrir þinginu. Það er ákveðin virðing fólgin í því fyrir félagið að Alþingi skuli gefa félaginu tækifæri á að hafa áhrif á mál sem eru til umræðu og afgreiðslu á þinginu.

Allir í leikhús: Félagið ákvað að niðurgreiða leikhúsmiða á sýninguna, „Fólkið í blokkinni“ sem Leikfélag Húsavíkur tók til sýningar í vetur. Fjölmargir nýttu sér tilboðið eða 218 félagsmenn og fóru í leikhús. Markmiðið var ekki síst að stuðla að því að félagsmenn færu í leikhús og gerðu eitthvað skemmtilegt á þessum erfiðu tímum.

Fyrirtæki heimsótt: Félagið ákvað síðasta haust að gera sérstakt átak og heimsækja sem flesta vinnustaði á félagssvæðinu. Talað var um að gera það á rúmum mánuði enda starfsmenn stéttarfélaganna þekktir fyrir að vera nokkuð stórhuga. Áætlunin gekk ekki eftir og er henni því ekki lokið þrátt fyrir góðan vilja. Heimsóknunum verður því fram haldið á næstu mánuðum enda hefur verið almenn ánægja með þær hjá félagsmönnum, stjórnendum fyrirtækja og forsvarsmönnum Framsýnar.

Skák og mát: Skákfélagið Goðinn hefur fengið að vera með starfsemi í fundarsal stéttarfélaganna endurgjaldslaust. Þannig hefur Framsýn viljað stuðla að eflingu skákíþróttarinnar á svæðinu. Skákfélagið sá ástæðu til að þakka fyrir stuðninginn með bréfi og smá gjöf. Þá hefur Sigurður Hallmarsson heiðurslistamaður Húsavíkur verið með vinnustofu í suðurenda húsnæðis stéttarfélaganna. Þar hefur hann verið í boði stéttarfélaganna en í sumar verður breyting þar á þegar húsnæðið verður tekið undir aðra starfsemi á vegum félaganna.

Draumalandið: Andri Snær Magnason rithöfundur heimsótti formann Framsýnar við annan mann til að ræða sínar hugmyndir um atvinnuuppbyggingu á svæðinu vorið 2009. Samræðurnar voru

Setið út í horni. Það var þröngt á fundinum en það mun væntanlega lagast á næsta aðalfundi þegar búið verður að stækka aðstöðuna.

vinsamlegar og skiptust menn á skoðunum um áherslur í atvinnuuppbyggingu. Andri Snær er mikill andstæðingur uppbyggingar stóriðju á Íslandi og hefur m.a. gert mynd um náttúru Íslands og varað við orkufrekum framkvæmdum og iðnaði.

Verðlagseftirlit: Framsýn hefur beitt sér fyrir virku verðlagseftirliti. Það er bæði í samstarfi við Verðlagseftirlit Alþýðusambands Íslands og eins hefur félagið fylgst með hækkunum hjá sveitarfélögum á svæðinu. Töluvert er um að félagsmenn hafi samband og biðji um að gerðar séu athugasemdir við hækkanir opinberra aðila og verslana á vöru og þjónustu. Framsýn mun halda áfram að veita viðkomandi aðilum aðhald sem er ekki síst mikilvægt á þeim tímum sem við erum að upplifa um þessar mundir.

Árás frá Noregi: Terje Havroy sem starfar við menningarmál hjá norsku verkalýðshreyfingunni (AOF) kom í heimsókn til Framsýnar 20. september sl. og dvaldi á Húsavík í nokkra daga. Til stendur að hann komi með hóp listamanna til Húsavíkur 1. maí 2011 og taki þátt í hátíðarhöldunum en þá verða liðin 100 ár frá stofnun fyrsta verkalýðsfélagsins á Húsavík, Verkamannafélags Húsavíkur.

NNN boðar komu sína: Síðasta haust stóð Framsýn fyrir náms- og kynnisferð til NNN í Noregi sem eru systursamtök Starfsgreinasambands Íslands í Noregi. Sextán fulltrúar úr stjórn og trúnaðarmannaráði fóru í ferðina sem þeir kostuðu að mestu sjálfir. Heimsóknin tókst í alla staði mjög vel og voru móttökur NNN einfaldlega frábærar. Von er á fulltrúum NNN til Húsavíkur í haust. Ákveðið hefur verið að taka vel á móti þeim. Í heildina hafa tæplega 60 erlendir verkalýðsforingjar og starfsmenn þeirra boðað komu sína til Húsavíkur á næstu 12 mánuðum.

Félagsjakkar slógu í gegn: Félagið bauð félagsmönnum að kaupa félagsjakka á sérstökum kjörum á síðasta ári. Um 160 félagsmenn þáðu boðið og fengu sér jakka.

Íslenska er málið: Félagið gerir töluvert af því að rækta gott samband við erlenda félagsmenn á svæðinu. Á síðasta starfsári voru haldnir sérstakir fundir með erlendum starfsmönnum um þeirra mál og þau mál sem þeir vildu ræða um eins og efnahagsmál og breytingar á sköttum. Þá gaf félagið öllum grunn- og framhaldsskólum á félagssvæðinu Íslenskuspilið sem ætlað er til kennslu í íslenskunámi.

Fornleifafundur: Merkileg gögn komu í leitirnar þegar upprúllaður pappírsstrangi fannst með gömlum slagorðum á háalofti á Ásgarðsvegi 14. Um er að ræða heimatilbúna borða með slagorðum eins og „Öreigar allra landa sameinist". Ákveðið hefur verið að hafa þá til sýnist í nýju félagsaðstöðunni enda um merkilegar heimildir að ræða frá árinu 1947-48.

Vakað yfir alþýðunni: Félagið hefur í samstarfi við Rauða krossinn, Félagsþjónustu Norðurþings, Vinnumálastofnun og Þekkingarnets Þingeyinga haldið úti Velferðarnefnd sem fundar reglulega um þróun mála í Þingeyjarsýslum. Markmiðið með nefndinni er eins og fram hefur komið að fylgjast með framvindu mála og bregðast við þeim vanda sem mörg heimili standa frammi fyrir um þessar mundir. Meðal annars var komið á fót Velferðarsjóði sem úthlutað hefur peningum til skjólstæðinga að vel athuguðu máli. Sjóðurinn byggir á frjálsum framlögum frá góðgerðarsamtökum.

Formaður með kjaft: Formaður félagsins var beðinn um að tala á útifundi á Austurvelli laugardaginn 27. febrúar í boði Hagsmunasamtaka heimilanna og Nýs Íslands. Ræðunni var mjög vel tekið og fjallað var um hana í fjölmiðlum auk þess sem hún er aðgengileg á netinu.

Ályktað og ályktað: Félagið ályktaði mikið á síðasta starfsári. Ályktað var m.a. um: kjaramál, atvinnumál, samgöngumál og sýslumannsembættið á Húsavík.

Fjölmargar tillögur samþykktar á aðalfundinum

Það bar til tíðinda á aðalfundinum að allar tillögur sem miðuðu að því að hækka styrki til félagsmanna úr sjúkrasjóði voru samþykktar samhljóða enda staða félagsins góð en þær voru í ellefu liðum. Þá var jafnframt ákveðið að veita öllum þeim félagsmönnum sem eiga rétt hjá almennu starfsmenntasjóðunum, Landsmennt, Sjómennt, Ríkismennt, Sveitamennt og Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks auka námsstyrki allt að kr. 60.000,- til viðbótar þeim styrkjum sem þeir eiga rétt á hjá almennu sjóðunum. Það þýðir á mannamáli að fullgildir félagsmenn í Framsýn geta átt rétt á 120 þúsund króna styrkjum vegna kostnaðar við nám eða námskeið á hverju ári. Þessar tillögur voru einnig meðal þeirra tillagna sem samþykktar voru á fundinum.

Félagsgjald: Samþykkt var samhljóða að hafa félagsgjaldið óbreytt áfram, það er 1% af launum starfsmanna.

Laun stjórnar: Samþykkt var samhljóða að laun stjórnar verði óbreytt, það er að greiddir verði áfram 3 tímar í yfirvinnu á taxta fiskvinnslufólks fyrir setinn stjórnarfund. Það gerir kr. 5.232 fyrir setinn fund. Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði.

Hvað finnst þér um rekstur félagsins?

Hilmar Valur Gunnarsson lagði þessa spurningu fyrir nokkra fundarmenn á aðalfundi Framsýnar: „Hvað finnst þér um rekstur félagsins?"

Ragnhildur Jónsdóttir, Kelduhverfi: „Mér finnst hann bara mjög góður, er í trúnaðarmannaráði og er mjög sátt"

Kristín Halldórsdóttir, Mývatnssveit: „Ég er mjög ánægð með störf félagsins"

Ósk Helgadóttir, Fnjóskadal: „Hann er í alla staði mjög góður, getum verið mjög ánægð og sátt með reksturinn"

Guðný Grímsdóttir, Reykjadal: „Mér finnst hann finn, ég er mjög ánægð með hann"

Gunnar Sigurðsson, Kópaskeri: „Mjög góður, allt gengur vel"

Gunnþórunn Þórgrímsdóttir, Húsavík: „Mjög ánægð með nýsku formanns"

Góðir gestir frá FSH

Snæbjörn og Aðalsteinn tóku á móti góðum gestum frá FSH.

Einn morgunn í maí komu afar góðir gestir í heimsókn á Skrifstofu stéttarfélaganna. Það voru þau Arnljót Anna Jóhannsdóttir, Sigurjón Viðarsson og Vilberg Lindi Sigmundsson ásamt kennara sínum Auði Jónasdóttur. Þau stunda öll nám við Framhaldsskólann á Húsavík og eru á Starfsbraut. Lindi sagðist vera að klára í vor eftir fjögurra ára nám en hin stefna að því að klára á næstu árum enda sögðust þau vera í áhugaverðu námi. Þau komu til að fræðast um starfsemi Framsýnar og þeirra stéttarfélaga sem reka saman Skrifstofu stéttarfélaganna. Þau fengu góðar móttökur, kaffi, gos og tertu. Þá fengu þau einnig smá gjafir frá Framsýn.

Fundað með þjónustufólki

Framsýn stefnir að því að boða til funda með starfsmönnum í ferðaþjónustu á næstu vikum. Farið verður yfir réttindi og skyldur starfsmanna þar sem brögð eru á að ekki sé farið eftir kjarasamningum í ferðaþjónustu. Fundirnir verða auglýstir frekar síðar.

Sami krafturinn á Þórshöfn

Þessir tveir ungu piltar stóðu vaktina í lestinni en verið var að skipa út um 800 tonnum af mjöli.

Þrír góðir, Kiddi, Gunni og Ólafur.

Fulltrúar Framsýnar voru í vinnustaðaheimsóknum á Þórshöfn auk þess sem þeir funduðu með talsmönnum Verkalýðsfélags Þórshafnar, trúnaðarmönnum og fulltrúum Langanesbyggðar. Líflegt var á Þórshöfn, bæði við höfnina og eins á vinnustöðum enda töluvert mikið að gera hjá flestum atvinnurekendum.

Stjórnin endurkjörin

Aðalfundur Deildar verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar-stéttarfélags fór fram í maí. Í deildinni eru þeir félagar í Framsýn sem starfa eftir kjarasamningi Landssambands íslenskra verslunarmanna og er deildinni ætlað að gæta hagsmuna þeirra. Góð mæting var á fundinn og voru fundarmenn almennt ánægðir með starfsemi félagsins og deildarinnar.

Stjórn deildarinnar var endurkjörin einróma en hana skipa Snæbjörn Sigurðarson formaður, Hafliði Jósteinsson og Brynja Pálsdóttir meðstjórnendur og í varastjórn sitja Sigríður Birgisdóttir og Ásgerður Arnardóttir. Allir stjórnarmenn voru kjörnir til eins árs nema formaðurinn sem kjörinn er til tveggja ára í senn.

Á fundinum urðu líflegar umræður um starfsemi félagins en almenn ánægja er meðal félagsmanna með starfsemina. Fjárhagur félagsins er auk þess traustur sem endurspeglast í auknum réttindum félagsmanna til styrkja sem voru nýlega samþykkt á aðalfundi Framsýnar.Í deildinni voru um síðustu áramót 256 félagsmenn, þar af 198 konur og 58 karlar.

Opnunartími í sumar

Í sumar verður Skrifstofa stéttarfélaganna opin frá kl. 08:00 til 16:00 alla virka daga. Þessi opnunartími gildir til 31. ágúst 2010.

Samstarfsverkefni vekur athygli

Framsýn- stéttarfélag vann kynningarefni í samvinnu við Ingólf Freysson formann Húsavíkurdeildar Rauða kross Íslands, um verkefnið Ungt fólk til athafna, framvindu þess og árangur hér á svæðinu. Ingólfur kynnti síðan verkefnið á aðalfundi Rauða kross Íslands sem haldinn var í Reykjavík laugardaginn 15. maí sl. Á fundinum gerði Ingólfur grein fyrir verkefninu og dreifði upplýsingum til aðalfundargesta. Kynningin fékk góðar viðtökur og vakti verkefnið mikla athygli, ekki síst í ljósi þess hve árangurinn hefur verið góður. Fjölmargir aðilar komu til kynna sér verkefnið, m.a. lögreglustjórinn í Reykjavík Stefán Eiríksson en hann var jafnframt fundarstjóri aðalfundarins.

Stefán og Ingólfur fara hér yfir verkefni Framsýnar og Rauða krossins.

Þessir tveir fjallmyndarlegu og mögnuðu starfsmenn Vélaverkstæðisins Gríms hf. á Húsavík voru að sjóða saman rör í húsnæði Ísfélagsins á Þórshöfn þegar fulltrúar stéttarfélaganna voru þar á ferð. Þetta eru þeir Sigurður Ólafsson og Bjarki Már Jóhannsson.

Frábær ungmenni!!

Nemendur Stórutjarnaskóla voru einstaklega áhugasamir um vinnumarkaðsmál.

Fulltrúum Framsýnar var boðið í Stórutjarnaskóla þar sem þeir messuðu yfir nemendum í níunda og tíunda bekk skólans um starfsemi stéttarfélaga. Til stóð að fyrirlesturinn stæði yfir í eina kennslustund en þær urðu þrjár vegna áhuga nemenda á starfsemi stéttarfélaga og á réttindamálum launþega. Þau spurðu út í mörg atriði sem voru til umræðu enda sögðust þau vera mjög fróðleiksfús. Full ástæða er til að hæla unga fólkinu fyrir frábæra stund. Fulltrúar Framsýnar þeir Snæbjörn og Aðalsteinn voru báðir orðnir hásir þegar þeir yfirgáfu skólann enda höfðu þeir vart undan að svara nemendum, slíkur var áhuginn. Lokaorð formanns Framsýnar voru, þið eruð bara frábær!!!

Fjörugur ársfundur

Framsýn átti 11 fulltrúa á ársfundinum og Þingiðn einn mann. Hiti var í fundarmönnum enda óánægja meðal fundarmanna um hvernig fór fyrir kröfunni á hendur Straumi-Burðaráss.

Ársfundur Stapa, lífeyrissjóðs fór fram í byrjun maí. Árið 2009 var erfitt rekstrarár fyrir Stapa lífeyrissjóð. Afkoma Tryggingadeildar sjóðsins var slök annað árið í röð og er tryggingafræðileg staða deildarinnar erfið. Þrátt fyrir varfærið mat á eignum í árslok 2008 reyndist staðan vera mun verri en gert var ráð fyrir og hafði töluverð áhrif á afkomu ársins 2009. Þá varð sjóðurinn fyrir miklu áfalli þegar í ljós kom að lögmannsstofa sjóðsins, lýsti kröfum í þrotabú Straums Burðaráss Fjárfestingarbankans hf. eftir að kröfulýsingarfrestur var útrunninn.

Lögfræðingur sjóðsins sem gleymdi að lýsa kröfunni upp á 4 milljarða kom á fundinn og gerði grein fyrir málinu. Hann sagði ábyrgðina vera hjá sér, en ekki starfsmönnum sjóðsins. Bað hann fundarmenn um að snúa gremju sinni að sér en ekki starfsmönnum sjóðsins. Á fundinum kom jafnframt fram að lífeyrissjóðir landsmanna hafa verið að lækka réttindi sjóðsfélaga um 0 – 20%. Hjá Stapa hefur það ekki verið gert fyrr en nú að samþykkt var 5% lækkun frá og með 1. maí 2010.

Miklar umræður á aðalfundi Þingiðnar

Þingiðnarmenn fara yfir málin á aðalfundinum. Fram kom ánægja með reksturinn og starfsemi félagsins.

Aðalfundur Þingiðnar var haldinn 6. maí í fundarsal félagsins. Þann 31. desember 2009 voru félagsmenn 91. Karlar voru 89 og konur 2. Hér koma nokkrar upplýsingar sem fram komu í skýrslu stjórnar. Ánægja er með rekstur félagsins. Félagsgjöld og iðgjöld ársins námu kr. 5.020.023,- sem er 10,5% lækkun frá fyrra ári. Bætur og styrkir úr sjúkrasjóði námu kr. 966.635,- sem er umtalsverð hækkun frá síðasta ári. Félagið er eigandi af 25% hlut í orlofsíbúð að Freyjugötu 10a í Reykjavík með Framsýn, stéttarfélagi. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 19.724.373,- og eigið fé í árslok nam kr. 169.046.594,- og hefur aukist um 4,2% að raungildi frá fyrra ári. Félagið bauð félagsmönnum upp á félagsjakka á góðu verði. Alls voru 40 félagsmenn sem nýttu sér tækifærið og keyptu jakka. Þá ákvað félagið að bjóða félagsmönnum upp á niðurgreidda leikhúsferð í Breiðumýri á sýningu sem Leikdeild Eflingar stóð fyrir. Á fundinum var samþykkt að hafa félagsgjaldið óbreytt milli ára eða 0,7%. Ný stjórn var kjörin til tveggja ára. Jónas Kristjánsson formaður, Vigfús Leifsson varaformaður, Kristinn Gunnlaugsson ritari, Þórður Aðalsteinsson gjaldkeri og Sigurður Hreinsson meðstjórnandi. Þá var til viðbótar ákveðið að hækka styrki sjúkrasjóðs til félagsmanna umtalsvert auk þess sem aðalfundurinn samþykkti að ráðast í breytingar á fundaraðstöðu stéttarfélaganna ásamt öðrum aðildarfélögum Skrifstofu stéttarfélaganna.

Heimsókn í Reykjahlíðarskóla

Nemendur Reykjahlíðarskóla voru áhugasamir um vinnumarkaðsmál

Formaður Framsýnar var nýlega gestur í Reykjahlíðarskóla. Ræddi hann við nemendur í efstu bekkjum skólans um starfsemi stéttarfélaga og vinnumarkaðsmál. Nemendur voru áhugasamir um boðskapinn og notuðu tækifærið og spurðu út í marga hluti sem þau vildu forvitnast um og sneru að þeirra málum en flest þeirra voru komin með vinnu í sumar, það er eldri nemendurnir.

Breytingum lokið á Eiðum

Ása Gísladóttir gjaldkeri Starfsmannafélagsins tekur út hafnarmannvirkin.

Sumarhús Starfsmannafélags Húsavíkur á Eiðum hefur verið tekið í gegn og er nú orðið allt hið glæsilegasta. Búið að skipta um gólfefni, eldhúsinnréttingu og nýrri snyrtiaðstöðu hefur verið komið fyrir. Þá var húsið málað að innan. Veröndin var stækkuð verulega og bátaskýli með bryggjum komið fyrir. Að sögn Stefáns formanns er hann mjög ánægður með breytingarnar og sagði húsið betra en nýtt og ekki skemmdi fyrir að búið væri að setja bundið slitlag á veginn heim að húsinu og bílastæðið. Hann fór ásamt öðrum stjórnarmönnum í félaginu austur fyrir helgina til að taka út húsið og þrifa það. Orlofshúsið fer í útleigu á föstudaginn.

Stefán Stefánsson formaður og Björn Hólmgeirsson meðstjórnandi eru ekki miklir tæknimenn en þeim tókst samt sem áður að graja sjónvarpið og fylgihluti.

Þetta er glæsilegasta hátíð sem ég hef verið á!

Sjá mátti nokkra þjóðþekkta menn á samkomunni. Hér er m.a. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sem hló mikið undir ræðu Guðna Ágústssonar.

Mikill mannfjöldi var samankominn í Íþróttahöllinni á Húsavík til að fagna baráttudegi verkafólks 1. maí. Um 750 hátíðargestir hlýddu á ræður og frábær söngatriði auk þess að þiggja kaffiveitingar.

Við upphaf hátíðahaldanna spilaði Marimba hópurinn á Húsavík nokkur lög auk þess sem Steini Hall flutti Internationalinn af sinni alkunnu snilld. Því næst fór Aðalsteinn Á. Baldursson formaður Framsýnar í ræðustól og flutti opnunarávarp. Að því loknu færði hann Gjafasjóði Hvamms, heimilis aldraðra kr. 400.000,- að gjöf frá stéttarfélögunum til kaupa á hjúkrunarrúmi fyrir heimilismenn á Hvammi. Bergur Elías Ágústsson bæjarstjóri tók við gjöfinni fyrir hönd sjóðsins og þakkaði hann stéttarfélögunum fyrir fallega gjöf. Ræðumenn dagsins voru Björn Grétar Sveinsson, fyrrum formaður Verkamannasambands Íslands og Guðni Ágústsson fyrrverandi ráðherra. Báðir fjölluðu þeir um aðdraganda og afleiðingar efnahagshrunsins auk þess að hvetja verkalýðshreyfinguna til góðra verka. Ræður þeirra Guðna og Björns eru á heimasíðu stéttarfélaganna. Jóhanna Guðrún Jónsdóttir Evróvisjónstjarna, Garðar Thor Cortes stórsöngvari og Karlakórinn Hreimur sáu um að skemmta hátíðargestunum með söng. Jóhanna Guðrún flutti nokkur lög, þar á meðal lagið: ,,Is it true?“ við mikinn fögnuð allra hátíðargestanna, en þó sérstaklega yngstu kynslóðarinnar. Garðar Thor gladdi svo gestina með fögrum söng. Að lokum steig Karlakórinn Hreimur á stokk til að ljúka dagskránni undir stjórn Aladar Rácz. Lokalagið var svo flutt af Garðari Thor með dyggum stuðningi karlakórsins. Allir söngvararnir voru klappaðir upp og tóku aukalag fyrir gestina, enda ætlaði fagnaðarlátunum aldrei að linna. Þessi hátíð er farin að laða til sín gesti víða að af landinu enda eflaust sú glæsilegasta sem haldin er á landinu þann 1. maí. Aðstandendur hátíðarinnar vilja koma á framfæri kæru þakklæti til allra þeirra sem komu á hátíðina til að halda upp á þennan alþjóðlega baráttudag í góðum félagsskap.



Jóhanna Guðrún og Garðar Thor Cortes heilluðu salinn með söng sínum.

Guðni Ágústsson fór á kostum og skammaðist út í verkalýðshreyfinguna. Hann sagði jafnframt „Þetta eru bestu hátíðarhöld sem ég hef verið á 1. maí. Þetta er glæsilegt hjá ykkur“ sagði Guðni Ágústsson fyrrverandi ráðherra. Fjölmargir hafa tekið undir orð Guðna og lofað hátíðina.

Steini Hall ásamt barnabarni sínu tóku þátt í hátíðarhöldunum en Steini var einn af þeim sem komu fram á samkomunni.

Björn Grétar Sveinsson flutti barátturæðu fyrir bættum kjörum.

Slökkviliðið var á vakt enda margir samankomnir í höllinni. Benedikt og Arnþór Haukur sáu um gæsluna.

Ákveðið var að telja gestina þegar þeir gengu í hús og reyndust þeir vera rétt um 750. Nokkuð er um að menn keyri sig frá Akureyri og víðar að til að taka þátt í hátíðarhöldunum á Húsavík.

Hamraborgin rís ...

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

Tvær leiðir til að láta enda ná saman

A Fyrir skuldaaðlögun húsnæðisláns

28.000.000
Lán fyrir skuldaaðlögun

20.000.000
Verðmæti eignar

Ef þú ert í erfiðleikum með að láta enda ná saman þá hvetjum við þig til að koma í næsta útibú og ræða við ráðgjafa því það eru úrræði í stöðunni.

Varanleg lausn fyrir einstaklinga – ef skuldir eru hærri en eignir

Skuldaaðlögun er varanleg lausn þegar greiðslubyrði er hærri en fyrirsjáanleg greiðslugeta. Lausnin felur í sér að bankinn og lántaki gera með sér samkomulag um að aðlaga skuldir og eignir að greiðslugetu lántaka. Standi lántaki við samkomulagið yfir samningstímann, geta skuldir lækkað til samræmis við metna greiðslugetu niður í allt að 110% af markaðsverði eigna (sjá A og B)*.

Tímabundin úrræði – fyrir tekjulausa einstaklinga

Þegar um tímabundinn vanda er að ræða geta viðskiptavinir óskað eftir frystingu á greiðslum (afborgunum og vöxtum) í allt að 12 mánuði. Ekki er um eftirgjöf skulda að ræða og lán eru í skilum á meðan á frystingu stendur. Þetta úrræði stendur þeim til boða sem búa tímabundið við atvinnuleysi eða skert starfshlutfall. Auk þess eru höfuðstólslækkun og greiðslujöfnun leiðir sem geta gagnast mörgum.

*Ávallt er miðað er við heildarskuldir lántakanda hjá Íslandsbanka.

Við hvetjum alla til að koma og ræða við okkur um mögulegar lausnir á sínum málum.

B Eftir skuldaaðlögun húsnæðisláns

22.000.000
Lán eftir skuldaaðlögun

20.000.000
Verðmæti eignar

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki